

Keilusamband Íslands

Þinggerð 10. þings KLÍ



Laugardaginn 26.apríl 2003
Íþróttamiðstöðinni í Laugardal

1. Þingsetning

Valgeir Guðbjartsson formaður Keilusambands Íslands, setti þingið kl. 9:07.

2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins

Formaður KLÍ kom með tillögu um að Gunnar Bragason yrði þingforseti, Sigfríður Sigurðardóttir þingritari og hann sjálfur varaþingforseti. Því næst gaf hann Gunnari orðið, sem fer yfir boðun þingsins, engar athugasemdir komu fram og taldist boðunin því lögleg.

3. Kosnar fastanefndir

Kjörbréfanefnd: Erla Ívarsdóttir, Tómas Tómasson og Baldur Bjartmarz

Fjárhagsnefnd: Haraldur Sigurðsson, Sigríður Klemensdóttir, Arnar Sæbergsson

Laga- og leikreglanefnd: Halldór Ragnar Halldórsson, Þórir Ingvarsson og Guðmundur Sigurðsson

Allsherjarnefnd: Haraldur Sigursteinsson, Bjarni Jóhannesson og Magnús Reynisson

Kjörnefnd: Þórhaldur Hálfðánarson, Theódóra Ólafsdóttir, Ársæll Erlingsson

Kjörbréfanefnd tók þegar til starfa og laga- og leikreglanefnd hafði tekið til starfa deginum áður. Erla Ívarsdóttir gerði grein fyrir niðurstöðum kjörbréfanefndar. UMSK á tvo fulltrúa á þinginu, ÍA 3 fulltrúa, ÍBR 9 fulltrúa, 8 voru mættir og 1 varafulltrúi þurfti því að taka sæti. 3 varafulltrúar voru mættir og tók Sigfríður Sigurðardóttir sæti Ómars Kristjánssonar sem var ekki mættur. Öll kjörbréf voru lögleg.

4. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína

Formaður KLÍ fór yfir ársskýrslu sambandsins. Almennum iðkendum hafði fjölgað, en ekki keppendum að sama skapi, en þó nokkuð með tilkomu utandeildarinnar. Fjallaði einnig um aðstöðumál keilunnar og Norðurlandamót sem haldið verður eftir 18 mánuði. Einnig um fjölmiðlaumfjöllun, sem er allt of lítil. Fór yfir mót á vegum Keilusambandsins, dreifingu verðlauna, unglingastarf á vegum KLÍ, landsliðin og þátttöku þeirra á mótum erlendis, samráðsfund keilusambanda norðurlandanna, 10 ára afmæli KLÍ og viðurkenningum sem þar voru veittar og verkefnið Konur í keilu.

5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar

Ársreikningurinn var endurskoður af Guðna Gústafssýni löggiltum endurskoðanda, rekstrartekjur breyttust lítilega milli ára, aukning varð á lottótekjum, rekstrargjöld lækkaðu þar sem brautarleiga fór ekki í gengum Keilusambandið, rekstrarafgangur 46 þús á móti 380 þús. króna tapi árið 2001. Sigríður Klemensdóttir gjaldkeri KLÍ fór yfir efnahagsreikninginn, búið er að afskrifa vog og skrifstofuvélar skv. reglum frá ÍSÍ, eignir sambandsins eru því óinnheimtar tekjur og innistæður á bankabókum og eru eignir sambandsins upp á rúmlega 1,8 milljón króna. Forseti þingsins kom með athugasemd, þar sem tveir skoðunarmenn hafa ekki samþykkt reikninginn eins og vera ber. Lagði til að reikningurinn yrði samþykktur með fyrirvara, þar sem aðrir kjörnir skoðunarmenn eru ekki á landinu. Þingið samþykkti reikningana samhljóða sem og ársskýrslu sambandsins.

6. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár

Þingskjal 1. Valgeir fer yfir endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir árið 2003, breytingar eru minniháttar, aðallega vegna brautarleigu á deildum, sem ekki fer lengur í gegnum keilusambandið. Fór einnig yfir áætlun 2004, heildartekjur verða 4,6 milljónir. Gert ráð fyrir lægri tekjum af lottói, gjöld alls verði 4,5 milljónir og því gert ráð fyrir 100 þúsund króna hagnaði af rekstri sambandsins árið 2004 og 50 þús. árið 2003 samkvæmt endurskoðuðum reikningi.

Orðið laust um fjárhagsáætlun, Haraldur Sigursteinsson spurði um útgáfumál varðandi verkefnið Konur í keilu og bæklinginn sem gefinn var út til að kynna keiluna og skil þar á milli. Í svari Valgeirs kom fram að áætlað sé að 600 - 700 þús. séu vegna konur í keilu, 150 þús. vegna bæklinga. Ekki hafi verið búið að útfæra verkefni vegna 350 þús. Þingskjali 1 vísað til fjárhagsnefndar.

7. Laga- og leikreglnabreytingar lagðar fram

Valgeir tók til máls og fór yfir þær tillögur sem fram voru komnar. Sjá sundurliðað á næstu blaðsíðum.

Þingskjal 2

Fyrst var lögð fram tillaga frá KLÍ, Reglugerð KLÍ um keilumót. Lagt til að greininni verði vísað til laga- og leikregnanefndar og var það samþykkt samhljóða.

Tillögur um breytingar frá stjórn KLÍ

REGLUGERÐ KLÍ UM KEILUMÓT (bls. 19)

6. grein - Viðbót

Ef lið eða félag notar leikmann sem er í banni eða hefur ekki leikheimild með félagi og/eða liði, skal umræddur leikur/viðureign dæmd því félagi/liði töpuð. Stjórn KLÍ getur afturkallað keppnisheimild einstaklings/liðs/félags vegna vangoldinna skulda við KLÍ.

Ný grein

Frestanir

Ef lið fær frestun, þá má það aðeins nota þá leikmenn sem löglegir voru með liðinu, þegar upphaflegi leiktíminn stóð yfir.

Ný grein

Þegar keppendur eru aðeins að spila á tveimur settum, en þurfa að spila 6 leiki, þá eiga þeir að spila 3+3 leiki á settunum tveimur til að það komi sem jafnast niður á keppendurna.

22. grein

Upphitun

Upphitun í keilumótum skal vera eftirfarandi:

2 keppendur á setti - 3 mínútur

3 til 4 keppendur á setti - 5 mínútur

5 til 6 keppendur á setti - 7,5 mínútur

7 til 8 keppendur á setti - 10 mínútur

o.s.frv.

Þingskjal 3

Tillaga kom frá keiludeild ÍR um forgjöf í neðri deildum Íslandsmóts karla. Valgeir lagði til að tillögunni yrði vísað til laga- og leikreglnanefndar og var það samþykkt af öllum fulltrúum. Einnig kom fram tillaga um breytingu á deildakeppni kvenna, að hún yrði færð nær því sem gerist í karladeildinni. Samþykkt að vísa til laga- og leikreglnanefndar. 7, 8 og 9. grein var einnig vísað til laga- og leikreglnanefndar, sem og 10 og 13. grein samþykkt

REGLUGERÐ KLÍ UM ÍSLANDSMÓT LIÐA (bls. 29)

Tillaga um breytingu frá ÍR - Keiludeild

3. grein - viðbót

Deildakeppni karla

- c) ***Deildarkeppni í neðri deildum Íslandsmót karla***
Deildarkeppnin verður leikin með og án forgjafar. Forgjöf fyrstu umferðar verður 75% að mismun 200 og nýjasta landsmeðaltali í annarri umferð og áfram verður notað deildarmeðaltal í stað landsmeðaltals. Nýir leikmenn sem ekki eru á landsmeðaltali miðast við fjarveruskor viðkomandi deildar í fyrstu umferð.

Liðin í fyrsta og öðru sæti án forgjafar færast upp um deild.

d-c) Sigurvegari í efri riðli 1. deildar karla hlýtur titilinn "Deildarmeistari liða í 1. deild karla".

Sigurvegararar í neðri deildum karla hljóta titilinn "Íslandsmeistari viðkomandi deildar karla"

Tillögur um breytingar frá stjórn KLÍ

5. grein - Viðbót ***Deildakeppni kvenna***

- a) ***Niðurröðun í deildir miðað við 7-8 liða deild***

Leikið skal heima og heiman. Leikin skal fjórföld umferð.

Fyrst skal leikin tvöföld umferð, allir við alla, eða samtals 14 viðureignir.

Að því loknu skal skipta deildinni í tvo riðla, efri og neðri riðil, fjögur lið í hvorum riðli. Ef það eru aðeins 7 lið þá skulu fjögur lið fara í efri riðilinn og þrjú í neðri riðilinn.

Síðan skal leika tvöfalda umferð innan riðlana, heima og heiman.

Efsta liðið í efri riðli er deildarmeistari 1. deildar kvenna..

Niðurröðun í deildir miðað við 9 liða deild

Leikið skal heima og heiman.

Fyrst skal leikin ein umferð, allir við alla, eða samtals 9 leikir.

Að því loknu skal skipta deildinni í tvo riðla, efri og neðri riðil,

fjögur lið fara í efri riðilinn og fimm í neðri riðilinn.

Í efri riðli skal leika fjórfalda umferð en í neðri riðli skal leika tvöfalda umferð innan riðlana, heima og heiman.

Efsta liðið í efri riðli er deildarmeistari 1. deildar kvenna

Niðurröðun í deildir miðað við 10 liða deild

Leikið skal heima og heiman.

Fyrst skal leikin ein umferð, allir við alla, eða samtals 9 leikir.

Að því loknu skal skipta deildinni í tvo riðla, efri og neðri riðil,

6 lið í þeim efri og 4 í þeim neðri.

Síðan skal leika tvöfalda umferð í efri riðli en fjórföld umferð í neðri, heima og heiman.

Efsta liðið í efri riðli er Íslandsmeistari liða í kvennaflokki..

6. grein.

Úrslitakeppni 1. deildar kvenna

Tvö efstu liðin eftir keppni í efri riðli 1. deildar kvenna komast í úrslitakeppni þar sem spilað er skv. bikarfyriðkomulagi, heima og heiman. Það lið sem endar ofar í riðlakeppninni skal eiga heimaleik fyrst og svo til skiptis. Deildarmeisturunum nægir sigur í tveimur viðureignum til að hljóta titilinn "Íslandsmeistarar liða í kvennaflokki", en liðið sem endar í öðru sæti í riðlakeppninni þarf að vinna þrjár viðureignir.

7. grein

Stigagjöf

Hver viðureign skal vera þrjú leikir. Fyrir hærra samanlagt skor liðsmanna í hverjum leik fyrir sig fær lið tvö stig og fyrir hærra heildarskor eftir leikina þrjú fær lið tvö stig.

Fyrir jafntefli í einum leik eða jafnt heildarskor fær hvort lið eitt stig.

Veitt eru aukastig þannig að einnig er innbyrðisþeppni leikmanna er leika í sömu röð,

þannig að leikmaður sem er með hærra skor fær 2 stig fyrir unninn leik. Stigin færast á hvern leikmann fyrir sig og getur leikmaður fengið sex stig úr hverri viðureign.

Ef skorið er jafnt hjá leikmönnum er veitt eitt stig til hvors um sig. Engin aukastig færast á liðið.

(Færast niður í 8. grein - Leikskýrslur)

(Verður sér grein)

8. grein

Leikskýrslur

Fyrir hverja viðureign skulu fyrirliðar eða staðgenglar þeirra skrifa á leikskýrslu nöfn þeirra leikmanna sem eiga að vera í keppnisliði liðsins í viðureigninni (mest 7 menn, minnst 3) og nafn aðstoðarmanns liðsins, ef einhver er. Eftir að viðureign er hafin má engar breytingar gera á keppnisliðinu.

Í lok viðureignar skal fyrirliði liðsins eða staðgengill hans fylla út skýrsluna með skortölum allra leikmanna í liðinu, undirrita hana og fá staðfestingu fyrirliða hins liðsins eða staðgengils hans um að skýrslan sé rétt fyllt út. Ef ekki er skrifaður fjöldi fella eða fjöldi stjarna í leik á leikskýrslu skal hann ekki skráður hjá liðinu. Ef lið fyllir ekki út skorreiti eða samtalsreiti leikskýrslunnar er aganefnd KLÍ heimilt að refsa liðinu með fjársekt. Eftir viðureign skal afhenda dómara skýrsluna og skorblið. Ef um innbyrðisstigagjöf er að ræða þá gildir eftirfarandi:

Uppröðun leikmanna skal koma fram á leikskýrslu og óheimilt er að breyta henni, hún skal staðfest af mótherja. Þurfi að breyta röð áður en mótherji kvittar á leikskýrslu skal gerð ný leikskýrsla. Fyrstu fjórir liðsmenn á leikskýrslu eru leikmenn í fyrsta leik, aðrir eru varamenn.

9. grein

Lið sem mætir ekki til keppni

Ef löglega skipað lið er ekki mætt til keppni við lok upphitunar skal viðureignin úrskurðuð því liði töpuð og það lið sem mætir skal ekki spila til að fá stigin. Sekta skal það lið sem ekki mætir um a.m.k. það sem nemur tvöfaldri brautarleigunni.

Greinar sem á eftir koma færast til í númeraröð.

10. grein

Frestun viðureigna

Óski lið eftir frestun á viðureign í Íslandsmóti liða skal skrifleg beiðni þar um send formanni mótanefndar með minnst 7 sólarhringa fyrirvara, nema veigamiklar ástæður liggja fyrir frestunardeiðinu.

Veigamiklar ástæður eru:

1. Samgönguferfiðleikar vegna veðurs
2. Veikindi.
3. Leikmaður/leikmenn eru fjarverandi á vegum KLÍ.

Mótanefnd úrskurðar um fresti án tafar og tilkynnir fyrirliðum viðkomandi liða, svo og öðrum þeim sem málið kann að varða, minnst 4 sólarhringum fyrir viðureignina. Mótanefnd ákveður svo hvenær leika skuli frestuðu viðureignina,

tilnefnir dómara og tilkynnir viðkomandi liðum. Lið það sem sækir um frestunina ber allan aukakostnað af frestuninni. Leitast skal við að frestaði leikurinn sé leikinn fyrir næstu umferð.

Ef frestun er vegna veikinda skal hún ákveðin og tilkynnt með a.m.k. 6 klst. fyrirvara. Ef lið fær frestun, þá má það aðeins nota þá leikmenn, sem löglegir voru með liðinu, þegar leikurinn átti upphaflega að fara fram.

13. grein

Keilulið - Fyrirliðar

Keilulið sem tilkynnt er í deildar- og/eða bikarkeppni KLÍ, skal vera skipað a.m.k. fjórum leikmönnum. Allir liðsmenn skulu vera félagsbundnir og hafa keppnisrétt með sama félagi.

Lið skal velja sér fyrirliða sem skal vera skráður leikmaður liðsins. Fyrirliði kemur fram fyrir hönd liðsins og skal sjá um að leikskýrslur þær sem liðið fær séu rétt út fylltar.

Þingskjal 4

Reglugerð KLÍ um Íslandsmót unglíngaliða. Breytingatillögur komu fram þess efnis að opna fyrirkomulag mótsins vegna fjölda liða og að sett yrði í reglu fyrirkomulag um keppni um þriðja sæti í úrslitum. Vísað til laga- og leikreglnanefndar og var það samþykkt af öllum fulltrúum.

Tillögur um breytingar frá stjórn KLÍ

REGLUGERÐ KLÍ UM ÍSLANDSMÓT UNGLÍNGALIÐA (bls. 40)

1. grein

Íslandsmót unglíngaliða skal haldið árlega. Unglingar sem eru í 6. til 10. bekk grunnskóla hafa þátttökurétt. Íslandsmót unglíngaliða skal haldið á tímabilinu október til apríl.

4. grein

Úrslitakeppni

Fjögur efstu liðin eftir síðustu umferðina fara í úrslitakeppni.

Úrslitakeppnin skal öll fara fram á sama stað.

Lið númer 1 keppir við lið númer 4.

Lið númer 2 keppir við lið númer

3.

Þau lið, sem fyrr vinna 2 leiki, leika til úrslita.

Þau lið sem töpuðu leika einn leik um þriðja sætið.

Úrslit:

Það lið, sem fyrr vinnur tvo leiki, sigrar og hlýtur nafnbótina "Íslandsmeistari unglíngaliða."

5. grein

5. grein - nýtt

Frestun viðureignar

Engar frestanir einstakra liða eru veittar í Íslandsmóti unglíngaliða.

Mótanefnd er þó heimilt að fresta umferð vegna veigamikilla ástæðna.

Veigamiklar ástæður eru:

1. Samgönguferfiðleikar vegna veðurs
2. Leikmenn liða eru fjarverandi í keppni á vegum KLÍ.

Mótanefnd tilkynnir félögum viðkomandi liða um frestun og nýjan leiktíma eins fljótt og auðið er, sem og öðrum sem málið kann að varða.

Fjarveruskor

Ekkert fjarveruskor er í Íslandsmóti unglingsliða, þó með þeirri undantekningu að ef leikmaður hefur leik og þarf að hverfa frá vegna meiðsla þá fær leikmaður 10% af fjarveruskori, fyrir hvern ramma. Fjarveruskor er 110 stig fyrir hvern leik.

Þingskjal 5

Tillaga um breytingu á deildarbikar. Var vísað til laga- og leikreglanefndar með öllum samþykktum atkvæðum.

Tillögur um breytingar frá stjórn KLÍ

REGLUGERÐ KLÍ UM DEILDARBIKAR LIÐA - Tvímenningur (bls. 44)

1. grein

Deildabikar liða skal halda árlega, minnst 5 sinnum á tímabilinu 1. september - 30. apríl.

Deildabikar skal leika mest einu sinni í mánuði og má gefa frí í deildum þá vikuna.

3. grein

Leikinn skal tvímenningur og geta hvaða tveir löglegir leikmenn hvers deildarliðs spilað saman. Heimilt er að skipta um leikmenn og breyta röð eftir hvern leik.

6. grein

Ekki er leyft að nota fjarveruskor eða varaskor þó með þeirri undantekningu að ef leikmaður hefur leik og þarf að hverfa frá vegna meiðsla þá fær leikmaður 10% af fjarveruskori, fyrir hvern ramma. Ef leikmaður er ekki mættur í upphafi leiks fást 0 fyrir hvern þann ramma sem leikmaður missir af. Ef leikmaður kemur það seint að hann missir af 5. ramma leiks fær hann ekki að koma inná í leiknum og fær því liðið 0 stig úr þeim leik leikmannsins. Lið getur ekki unnið leik án þess að spila leikinn. Fjarveruskor er 120.

7. grein - Færast fram fyrir grein 4.

Gefin skulu tvö stig fyrir sigur og eitt fyrir jafntefli í hverjum leik.

Þingskjal 6

Tillaga frá keiludeild ÍR um að heimalið greiðið allan kostnað. Vísað til allsherjarnefndar, samþykkt samhljóða.

Tillaga frá Keiludeild ÍR á þing KLÍ 26.04.2003

Heimalið sjái alfarið um greiðslu á heimaleikjum í Íslandsmóti liða í öllum deildum.

Rökstuðningur:

Lið leika að jafnaði heima og að heiman og því skiptir í sjáfusér ekki máli hvort greitt er kr. 9.000,- aðarhverja viku eða kr. 4.500,- vikulega. Kosturinn við þetta er hinsvegar sá að þetta auðveldar heimaliðinu að senja við sinn heimavöll um verða, líkt og gerðist með KR í Öskjuhlíð og ÍA. KR greiddi kr. 3.500,- í Öskjuhlíð og ÍA kr. 0,- önnur lið þurftu að borga kr. 4.500,- í Öskjuhlíðinni og ekki var til umræðu að fá verðið lækkað þrátt fyrir að boðin væri fyrirfram greiðsla fyrir leikina. Þetta kæmi sér því vel t.d. fyrir KR sem mundi því borga kr. 7.000,- pr. heimaleik en ekkert að heiman. ÍA þyrfti aldrei að greiða neitt.

8. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar

Magnús Reynisson kom með athugasemd um orðalag í grein um í Bikarkeppni liða.

4. grein um úrslitakeppni 1. deildar karla. Leggur til að „heildarskor viðureignar....“ verði felld út. Tillögunni vísað til laga- og leikreglnanefndar.

Þinghlé kl. 9:45 og nefndir tóku til starfa

Þing hélt áfram kl. 10:31

9. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær

Fjárhagsnefnd:

Haraldur Sigursteinsson fór yfir fjárhagsáætlanir fyrir hönd fjárhagsnefnd .

Fjárhagsnefnd taldi skýrsluna nokkuð raunhæfa, frekar varfærnislega gerða.

Niðurstaða nefndarinnar var að leggja ekki til neinar breytingar og lagði nefndin til að hún yrði samþykkt eins og hún var lögð fram. Opnar umræður og tekur enginn til máls og áætlunin samþykkt samhljóða óbreytt.

Laga- og leikreglnanefnd:

Þórir Ingvarsson fór yfir tillögur um breytingar fyrir hönd laga- og leikreglnanefndar.

- **Þingskjal 2**

Reglugerð KLÍ um keilumót. Nefndin gerði engar breytingar við tillögu stjórn KLÍ. Enginn tók til máls. Þingskjal 2 samþykkt samhljóða.

- **Þingskjal 3**

Nokkrar breytingar komu fram frá laga- og leikreglnanefnd varðandi 3. grein um deildakeppni karla í neðri deildum. Halldór Ragnar spurði hvort þingið væri að samþykkja að breyta keppnisfyrirkomulaginu. Stjórn KLÍ taldi ekki verða vandamál að framkvæma forgjafarfyrirkomulagið.

5. grein - viðbót við deildakeppni kvenna. Rætt var um breytingarfyrirkomulag til að deildin líktist karladeildinni meira.

6. grein, úrslitakeppni. Nefndin tók ekki afstöðu til breytinga sem fram komu áður.

6. greinin þarf að vera í samræmi við breytingatillögur Magnúsar Reynissonar, hvort fyrirkomulag í kvennadeild þurfi að vera eins og í karladeildinni. Einnig rætt um úrslitakeppni 1. deilda karla og kvenna. Tillagan borin upp til samþykkis, 6 samþykkir, 5 á móti og tillagan því samþykkt. Því þarf að endurskoða tillögu að 6. grein í þingskjali 3. Þórhallur Hálfðánarson kemur með fyrirspurn um íslandsmót unglingsliða, hvort leikið sé um 3. sætið.

Það sem eftir var af þingskjali 3 kom óbreytt úr nefndinni. Greinar 4 - 13 voru til umræðu, Magnús Reynisson tók til máls og kom með fyrirspurn varðandi það þegar lið mætir ekki til leiks, hvort andstæðingurinn eigi að spila. Honum var svarað og bent á að þá sé spilað á öðrum hraða en hjá öðrum liðum. Bent á að þessu hafi verið breytt fyrir tveimur eða þremur árum síðan, þannig að nú sé ekki verið að breyta neinu. Tolli nefndi fjarveruskor og innbyrðis viðureignir leikmanna, hvar fjarveruskorið eigi að raðast, þ.e. fær leikmaður sem leikur á móti „blindum“ stigin sjálfkrafa. Engin regla er til um hvar fjarveruskorið eigi að vera. Þingforseti mæltist til þess að menn héldu sig við það sem hér er á blaði.

Allar tillögur sem fram voru komnar um þingskjal 3 voru samþykktar samhljóða.

- **Pingskjal 4**

Íslandsmót unglingsliða. Ein breyting kom frá nefndinni þess efnir að mótanefnd tilkynni breytingar og tilkynningar til félaga liðanna, en ekki til fyrirliða liðanna. Engin umræða varð um tillöguna, hún borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

- **Pingskjal 5**

Reglugerð KLÍ um deildarbikar liða. 6. grein var skipt út af nefndinni um fjarveruskor, þannig að liðið má spila með einn leikmann og liðið á móti verður að spila leikinn, leikmenn mega koma inn allt fram í 5. ramma. Ekki verði gefið fjarveruskor, nema leikmaður verði að yfirgefa í miðjum leik. Lið verða alltaf að leika, sparar vinnu í sambandi uppröðun liða og fleira. Tillagan samþykkt samhljóða.

Allsherjarnefnd:

Pingskjali 6 var vísað til allsherjarnefndar. Magnús Reynisson tók til máls varðandi tillögu ÍR um að heimalið greiði alfarið heimaleiki liða í öllum deildum. Nefndin ákvað eftir miklar umræður að leggja til að tillagan verði samþykkt og taldi að ekki verði fjárhagslegur skaði fyrir lið, nema sem nemi gjaldi fyrir eina umferð. Orðið laust um tillöguna, enginn tók til máls. 7 voru samþykkir tillögummi, 4 á móti og tillagan því samþykkt með meirihluta atkvæða.

10. Önnur mál

Orðið laust um önnur mál. Halldór Ragnar varpaði fram fyrirspurn varðandi meðaltalsutanumhald og skráningu á því. Hvar strandar útgáfa á meðaltali og hverjar eru úrbætur. Valgeir svaraði fyrirspurninni. Meðaltalsmál verið í ólestri í vetur, verið rætt innan stjórnar að ræða við fyrirtæki sem er með golfsíðuna, hvort hægt sé að gera svipað og þeir. Kanna þurfi hver sé kostnaður við málið og fleira. Helstu vandamálin í vetur hafa verið kerfisbundin, þ.e. að keyra saman gögn. Verður tekið fyrir á næstunni og kannað hjá Idega. Magnús Reynisson kom með fyrirspurn um a-b-c fyrirkomulag sem sett var fyrir millipinganefnd á síðasta þingi. Millipinganefnd starfaði ekki en málið var rætt á fundi laga- og leikreglnanefndar sem fundaði 25. apríl 2003. Frá þeim fundi er komin fram hugmynd að venslasamningi milli félaga og útskýði formaður KLÍ að hugmyndin verði unnin áfram og að kallað verði saman aukabing þar sem tillagan verði tekin fyrir. Halldór Ragnar spurði hvort gera megi reglugerðarbreytingar á aukabingi, en þingforseti svarar því til að það megi ekki. Spurði einnig um félagakeppni, Valgeir svarar að það hafi verið rætt á formannafundi, en keppnin hafi ekki verið haldin í vetur tímaskorts. Verður tekið fyrir aftur í sumar. Ekki voru fleiri mál til umræðu.

Þingforseti flutti kveðju frá forseta, framkvæmdastjórn og starfsfólki ÍSÍ. Ræddi um aðstöðumál keilusalanna. Var ánægður með fjárhagsstöðuna og að skuldir væru mjög litlar. Ánægður með orð formanns KLÍ með að reikna ekki með topptekjum af lottói. Síðasta ár var afmælisár hjá ÍSÍ, Ísland á iði áttak í tilefni af því. Ræddi um bókhald sambanda, félaga og liðaskráningu og ferðakostnað og uppbyggingu íþróttastöðu á landsbyggðinni. Ræddi einnig um kröfur til íþróttfélaga og stjórnenda og að þær yrðu að vera raunhæfar. Ekki væri gott að til skulda væri safnað og svo hlaupi menn frá. Alltaf eigi að bera hag félaganna fyrir brjósti. ÍSÍ hefur boðið upp á fræðslu um fjármál íþróttahreyfingarinnar. Ræddi um fjármagn úr ríkissjóði til íþróttamála, fræðslumál og útgáfumál íþróttahreyfingarinnar og fleira. Sagði einnig frá nýju

verkefni ÍSÍ; fyrirmyndarfélag ÍSÍ og að Ólympíuleikar væru á næsta ári. Markmið ÍSÍ væri að þjónusta sérsamböndin og að byggja upp gott samstarf.

11. Kosning stjórnar, varastjórnar, fulltrúa og varafulltrúa á íþróttaping ÍSÍ

Erla Ívarsdóttir og Hörður Ingi Jóhannsson ganga úr stjórn. Ómar Kristjánsson og Theodóra Ólafsdóttir gáfu kost á sér í aðalstjórn. Kjörtímabili formanns var einnig að ljúka og gaf hann kost á sér til áframhaldandi setu. Valgeir var kjörinn með samhljóma lófaklappi, þar sem enginn annar var í framboði. Ómar og Theodóra einnig kosin með lófaklappi Enginn er eftir í varastjórn og gáfu Guðmundur Sigurðsson, Jónas Gunnarsson, Þórhallur Hálfðánarson og Linda Hrönn Magnúsdóttir. Kjósa þurfti varamenn í stjórn og var gengið til atkvæða. Atkvæði féllu þannig.

Linda Hrönn 14 atkvæði

Jónas Gunnarsson 12 atkvæði

Þórhallur 9 atkvæði

Guðmundur 7 atkvæði

Linda Hrönn, Jónas og Þórhallur voru því réttkjörnir varamenn í stjórn KLÍ.

12. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara

Engar breytingartillögur komu fram og verða því sömu skoðunarmenn og áður. Voru þeir samþykktir með lófaklappi. Vísað var til stjórnar sambandsins að kjósa fulltrúa og varaþingfulltrúa á íþróttaping ÍSÍ.


13. Þingfundargerðir lesnar og staðfestar

Þingforseti lagði til að þingritari og forseti gangi frá fundargerð sem síðan verði send á félögin. Samþykkt samhljóða.

14. Þingslit

Valgeir þakkaði fyrir vel unnin störf og þakkaði stjórnarmönnum sem ganga úr stjórn fyrir vel unnin störf í þágu KLÍ.

Þingi slitið kl. 11:20


Sigfríður Sigurðardóttir